

Hermann Sveinbjörnsson
Umhverfissráðuneytið
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 04. október 2010
2010090012/42-0
TB
jgo/tb

Rannsóknarleyfi vegna jarðhita við Hágöngur, umsögn


Vísað er til tölvupósts/bréfs frá umhverfissráðuneytinu, dags. 23. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Landsvirkjunar um rannsóknarleyfi vegna jarðhita við Hágöngur. Megin rök Landsvirkjunar fyrir umsókninni eru að fyrirtækið telur Hágöngusvæðið afar álitlegan framtíðar orkuvinnslukost, rannsóknir hafa staðfest að þar er háhitavökvi álitlegur til vinnslu og svæðið er allt að 40 km², fyrstu rannsóknir gefa til kynna 300 MW orkuvinnslugetu, svæðið kom vel út í rammaáætlun. Gert er ráð fyrir sama rannsóknareit og í fyrra leyfi sem gefið var út 2004 og gildi til 2008.

Við mat á verndargildi 18 háhitasvæða, Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-09014; NÍ-09012, fengu Köldukvíslarbotnar lægstu einkunn fyrir verndargildi. Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki athugasemd við að gefið sé út rannsóknaleyfi til 5. ára í samræmi við umsókn Landsvirkjunar til Orkustofnunar frá 10. september sl. Náttúrufræðistofnun gerir hins vegar athugasemd við að ekki kemur fram í þeim gögnum sem stofnunin fékk send hvar fyrirhugað er að bora eða hvort lagðir verði nýir vegir o.s.frv. en þetta er mjög óljóst sbr. kaflann „Áætlun um mannvirki og jarðrask“ bls. 12 í greinargerð Landsvirkjunar frá 10. september sl. Náttúrufræðistofnun telur auk þess að öllu raski eigi að halda í algjöru lágmarki og í raun eigi að nálgast allar rannsóknir með því hugarfari að skila landinu eins lítt snortnu og mögulegt er.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

